




Iðnaður og annað atvinnulíf á Norðurlandi eystra

Vífill Karlsson

Á Norðurlandi eystra fjölgaði launþegum í iðnaði í flestum sveitarfélögum á milli tímabilanna 2013-2015 og 2023-2025. Mest í Hörgársveit. Norðurþing, Fjallabyggð og Akureyrarbær búa við einna mestu fjölbreytni atvinnulífs á landinu öllu. Í Hörgársveit jókst fjölbreytni einna mest á milli viðkomandi tímabila.

Inngangur

Akureyri var þekkt sem miðstöð iðnaðar á Norðurlandi með ullariðnað Sambands Íslenskra Samvinnufélaga við Glerá á á seinni hluta 20. aldar, Kaffibrennslu Akureyrar hf., Lindu, Sana öl- og gosdrykkjarverksmiðju, Smjörlikisgerð Akureyrar hf., Slippstöðina, Útgerðarfélag Akureyrar og fataiðnað svo tekin séu dæmi. Nú er öldin önnur og flest vtilfinning margra að iðnaður sé nú kannski svipur hjá sjón á Akureyri og jafnvel víðar á Norðurlandi eystra.

Í nýlegum Hagvísí Vesturlands (Vífill Karlsson, 2025b, bls. 13) kom fram að Akureyrarbær var í 35. sæti af 62 sveitarfélögum árið 2024 þegar kom að vægi iðnaðar í útsvarstekjum sveitarfélagsins og hafði reyndar gefið eftir borið saman við meðaltal lengra tímabils. Önnur sveitarfélög á Norðurlandi eystra voru Svalbarðsstrandarhreppur í 7. sæti, Norðurþing í 20. sæti, Hörgársveit í 23. sæti, Eyjafjarðarsveit í 33. sæti, Tjörneshreppur í 34. sæti, Fjallabyggð í 38. sæti, Þingeyjarsveit í 40. sæti, Dalvíkurbyggð í 42. sæti, Grýtbakkahreppur í 50. sæti og Langesbyggð í 59. sæti.


Þó iðnaður sé mikilvægur þá hefur einsleitni í atvinnulífi almennt verið talin óheppileg þar sem hún felur í sér töluverða áhættu enda mikið undir ef aðstæður einnar atvinnugreinar þróast til hins verra. Þá hefur verið bent á í erlendum ritum að fjölbreytt atvinnulíf er bæði betur til þess fallið að stuðla að nýsköpun og fjölga íbúum (O'Sullivan, 2009, bls. 235-240).

Atvinnulífið er til skoðunar í þessum Púlsi, með áherslu á iðnað. Með iðnaði er átt við allan iðnað en fiskiðnaði haldið utan við¹. Í nýlegum Hagvísí kom fram að atvinnulíf sumra íslenskra sveitarfélaga getur hverfst mikið um eina atvinnugrein eins og t.d. sjávarútveg eða ferðapjónustu. Hér verður skoðað hvort fjöldi starfandi (launþega) hafi fjölgað í iðnaði á Norðurlandi eystra. Síðan verður skoðað hversu fábreytt atvinnulíf í sveitarfélögum á Norðurlandi eystra er, í samanburði við önnur sveitarfélög á landinu. Til skoðunar verða tvö þriggja ára tímabil 2013-2015 og 2023-2025. Þessi tímabil voru valin vegna þess að þarna var hagkerfið að byrja að jafna sig eftir tvær kreppur.

Iðnaður

Í ljós kom að störfum og launagreiðendum í iðnaði fækkaði bara í einu sveitarfélagi af 11 á Norðurlandi eystra (Mynd 1). Hlutfallslega var fjölgunin mest í Hörgársveit – bæði hvað launþega og launagreiðendur varðaði eða rúmlega tvöfaldaðist, en mikil íbúafjölgun á sama tímabili hefur þar áhrif. Þá fjölgaði launagreiðendum í iðnaði um 11% á Akureyri en launþegum um 26%. Í Dalvíkurbyggð fjölgaði launþegum um 40% en launagreiðendum ekkert. Þessu var öfugt farið í Þingeyjarsveit þar sem launagreiðendum fjölgaði um 43% en launþegum nánast ekkert eða 5%.

Það er vissulega þannig að launþegum í iðnaði fjölgar víðast meira á landinu en í sveitarfélögum á Norðurlandi eystra að Hörgársveit undanskilinni en það er samt fjölgun í nánast öllum sveitarfélögum á Norðurlandi eystra.



Mynd 1. Breyting á fjölda launþega og launagreiðenda

Almennt sést að nokkur fylgni er á milli fjölda launagreiðenda í iðnaði og fjölda launþega (Mynd 1).

Fábreytni eða fjölbreytni atvinnulífsins


Leitað var vísbendinga um fábreytni eða fjölbreytni atvinnulífsins eftir sveitarfélögum á Norðurlandi eystra borið saman við önnur sveitarfélög á landinu. Það getur verið snúið en stuðst var við sama gagnasafn frá Hagstofu Íslands. Nú var horft til þess hvort fjöldi launþega væri jafnt eða ójafnt dreift á milli eftirfarandi atvinnugreina: Atvinnugreinar menningar, einkennandi greinar ferðapjónustu,

¹ Þetta er það sem Hagstofan kallar atvinnugreinar iðnaðarins í tölfræði sinni um atvinnugreinahópa (B, C (án C:102), F, J, M: 71-72). Staðsetning atvinnugreina miðast við

lögheimili launþega. Tölurnar komu frá öllum starfandi fyrirtækjum nema einrykjum sem er galli eða takmörkun á gögnunum sem fjallað hefur verið um áður (Vífill Karlsson, 2025a).


Púlsinn

— Norðurland eystra í tölum



hátækniþjónusta, meðal- og hátækni framleiðsla, fiskeldi, fiskveiðar, fiskvinnsla, upplýsinga- og dagskrármíðlun, tækni- og hugverkaíðnaður, bygginga-starfsemi og mannvirkjagerð, önnur framleiðsla án fiskvinnslu. Þarna var einfaldlega reiknað hlutfallslegt staðalfrávik. **Þeim mun hærra sem það er þeim mun fjölbreyttara er atvinnulífið og fjölbreyttara ef það er lágt.**

Niðurstöðurnar er að finna bæði myndrænt (Mynd 2) og í tölugildum (Tafla 1). Þar kemur fram að Norðurþing, Fjallabyggð og Akureyrarbær búa við einna mestu fjölbreytni² á vinnumarkaði meðal íslenskra sveitarfélaga. Næst á eftir komu Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit og Dalvíkurbyggð en önnur sveitarfélög í landshlutanum eru svo einhæfari. Bent skal á að ef punktar voru fyrir neðan rauðu línuna þá varð atvinnulíf sveitarfélagsins fjölbreyttara á milli tímabilanna 2013-2015 og 2023-2025. Það var tilfellið í flestum sveitarfélögum á Norðurlandi eystra. Aðeins þrjú þeirra gáfu eftir: Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit og Langesbyggð - minnst á Akureyri (séð á tölunum í dálki C í töflu 1).



Mynd 2. Einhæfni atvinnulífsins

Sjá má nákvæma “einhæfni/fjölbreytni” sveitarfélaga á Norðurlandi eystra gagnvart öllum öðrum sveitarfélögum í samantektinni á þessari blaðsíðu (Tafla 1). Hærra gildi bendir til meiri einhæfni. Þar er athyglisvert að sjá Norðurþing vera með næst fjölbreyttasta atvinnulíf á landinu og Ísafjarðarbær á toppnum. Fjallabyggð er í þriðja sæti á landsvísu og Akureyrarbær í því sjötta. Fullyrða má að fyrst Reykjavíkurborg er ekki í því efsta, þá sé þessi mælikvarði gallaður og þarfnist endurbóta eða að mikið vægi opinberrar stjórnsýslu dragi borgina niður, nema hvortveggja sé. Hann gefur samt áhugaverðar vísbendingar. Trúlegt er að Akureyrarbær sé þarna ofarlega á þennan kvarða en höfundurinn finnst t.d. að Bolungarvíkurkaupstaður eigi að vera neðar. Í dálki D er raðtala fyrir dálk C – eða hversu mikið sveitarfélag færðist nær “fábreytni/fjölbreytni”. Hæsta raðtala bendir til að fjölbreytni aukist mest.

Hörgársveit fékk þá tölu á Norðurlandi eystra. Lægst var hún í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarfélag	A Fábreytni 2013- 2025	B Fábreytni 2015 2015	C Breyting milli tímabilana	D Sæti á C
Ísafjarðarbær	0,0540	0,0729	-0,0188	43
Norðurþing	0,0575	0,0812	-0,0236	45
Fjallabyggð	0,0585	0,0673	-0,0087	39
Vestmannaeyjabær	0,0687	0,1076	-0,0389	52
Skagafjörður	0,0725	0,0764	-0,0040	31
Akureyrarbær	0,0797	0,0718	0,0079	20
Bolungarvíkurkaupstaður	0,0811	0,1332	-0,0521	55
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,0833	0,0742	0,0091	18
Kópavogsbær	0,0854	0,0775	0,0078	21
Reykjavíkurborg	0,0862	0,0807	0,0055	23
Mosfellsbær	0,0879	0,0739	0,0140	12
Sveitarfélagið Ölfus	0,0892	0,1219	-0,0327	49
Garðabær	0,0893	0,0813	0,0080	19
Seltjarnarnesbær	0,0940	0,0817	0,0123	16
Hveragerðisbær	0,0947	0,1191	-0,0244	46
Múlaþing	0,0949	0,0991	-0,0042	32
Vesturbyggð	0,0973	0,0850	0,0123	15
Sveitarfélagið Vogar	0,0988	0,0927	0,0062	22
Sveitarfélagið Árborg	0,1002	0,0907	0,0095	17
Akraneskaupstaður	0,1030	0,0992	0,0038	25
Grindavíkurbær	0,1043	0,1127	-0,0084	38
Hörgársveit	0,1121	0,1856	-0,0735	58
Sv. Stykkishólmur	0,1134	0,0965	0,0170	11
Kjósarhreppur	0,1138	0,2453	-0,1315	59
Dalvíkurbyggð	0,1146	0,1200	-0,0054	35
Eyjafjarðarsveit	0,1200	0,0980	0,0220	8
Grundarfjarðarbær	0,1242	0,1557	-0,0315	48
Borgarbyggð	0,1246	0,1067	0,0180	10
Húnaþing	0,1251	0,1268	-0,0018	29
Suðurnesjabær	0,1263	0,1281	-0,0017	28
Svalbarðsstrandarhreppur	0,1291	0,1862	-0,0570	57
Fjarðabyggð	0,1299	0,1163	0,0136	13
Rangárþing ytra	0,1348	0,1712	-0,0364	50
Grýtbakkahreppur	0,1350	0,1739	-0,0389	51
Flóahreppur	0,1403	0,1003	0,0400	6
Snæfellsbær	0,1449	0,1511	-0,0062	36
Hvallfjarðarsveit	0,1450	0,1613	-0,0163	42
Strandabyggð	0,1487	0,1734	-0,0247	47
Súðavíkurhreppur	0,1493	0,1918	-0,0425	53
Húnaþing vestra	0,1493	0,1559	-0,0067	37
Reykjanesbær	0,1548	0,1355	0,0193	9
Grimsnes- og Grafningshr.	0,1589	0,2974	-0,1386	60
Skeiða- og Gnúpverjahr.	0,1644	0,1838	-0,0194	44
Rangárþing eystra	0,1770	0,1736	0,0034	26
Dalabyggð	0,1794	0,1896	-0,0103	40
Sveitarfélagið Skagaströnd	0,1817	0,1935	-0,0117	41
Þingeyjarsveit	0,1845	0,1893	-0,0047	34
Ásahreppur	0,1880	0,2346	-0,0466	54
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,1948	0,1176	0,0771	3
Hrunamannahreppur	0,2035	0,1561	0,0474	5
Vopnafjarðarhreppur	0,2249	0,2198	0,0050	24
Langesbyggð	0,2301	0,2177	0,0124	14
Kaldrananeshreppur	0,2309	0,2855	-0,0546	56
Reykholahreppur	0,2430	0,2174	0,0257	7
Bláskógabyggð	0,3283	0,2120	0,1162	1
Mýrdalshreppur	0,3672	0,3720	-0,0047	33
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,3961	0,3994	-0,0033	30
Skaftárhreppur	0,4346	0,3360	0,0986	2
Fliótdalshreppur	0,5000	0,5000	0,0000	27
Arneshreppur				
Skorradalshreppur				
Þjóneshreppur				

Tafla 1. Einhæfni atvinnulífsins 2013-2015 og 2023-2025

Heimildir

O'Sullivan, A. (2009). *Urban economics* (7th ed.). New York: McGraw-Hill / Irwin.

Vífill Karlsson. (2025a). Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga. *Glefsa*, 7(2), 1-2.

Vífill Karlsson. (2025b). Atvinnulíf á Vesturlandi: Vægi lykilatvinnugreina á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 26(1), 1-37.

² Það skal viðurkennt að þetta er “ófullkomin” leið til að meta fábreytni/fjölbreytni atvinnulífsins og það þarf að vinna áfram með að bæta hann. En sveitarfélög sem hafa orðið mjög sterk í t.d. ferðaþjónustu mælast

með mikla fábreytni sem er vísbending fyrir því að það er eitthvað rétt þarna. Við sjáum einnig að fjölmenn sveitarfélög mælast frekar með fjölbreytni sem er í samræmi við það sem búast mátti við.